



# Náttúruverndarsamtök Íslands

Iceland Nature Conservation Association

Atvinnuveganefnd  
Alþingi við Austurvöll

Þingskjal 1190 — 711. mál.  
Stjórnarfrumvarp.

Reykjavík, 4. maí 2021

Brottfall laga um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis  
(bann við leit og vinnslu jarðefnaeldsneytis)

558. mál, lagafrumvarp

Náttúruverndarsamtök Íslands styðja þetta frumvarp heilshugar. Fyrir um tveimur áratugum síðan bentu vísindamenn á að framtíðafjárfestingar í olíu-, gas- og kolaiðnaði (e. carbon industry) fælu í sér mikla áhættu ef þjóðarleiðtogar og forustumenn í iðnaði og viðskiptum væri alvara með að fara að ráðum vísindamanna - til að forða hættulegum loftslagsbreytingum, sbr. 2. grein loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna frá 1992.

Í 2. grein Rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar segir:

Lokamarkmið þessa samnings og hvers konar löggæringa honum tengdum sem þing aðila kann að samþykkja<sup>1</sup> er, í samræmi við viðeigandi ákvæði samningsins, að halda styrk gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu innan þeirra marka **að komið verði í veg fyrir hættulega röskun á loftslagskerfinu af manna völdum**. Þeim mörkum ætti að ná innan tímamarka sem nægðu til að vistkerfi geti sjálf aðlagð sig að loftslagsbreytingum<sup>2</sup> til þess að tryggja að matvælaframleiðsla sé ekki í hættu og til að efnahagsþróun geti haldið áfram á sjálfbæran hátt. (leturbreyting okkar).

Vísindamenn IPCC hafa bent á að hlýni andrúmsloftið um meira en 1,5 °C verði jafnvægi í loftslagskerfi Jarðar raskað. Og þá verði ekki aftur snúið.<sup>3</sup>

Nýlega gaf Alþjóðaorkumálastofnunin (IEA) út skýrslu þar sem tekin eru af öll tvímæli um að [hætta verði öllum fjárfestingum í jarðefnaeldsneyti](#).

<sup>1</sup> Kyoto bókunin er fyrsti lagalegi gæringurinn.

<sup>2</sup> Leturbreyting er okkar

<sup>3</sup> Sjá skýrslu IEA hér: <https://iea.blob.core.windows.net/assets/ad0d4830-bd7e-47b6-838c-40d115733c13/NetZeroby2050-ARoadmapfortheGlobalEnergySector.pdf>

Í fréttatilkynningu IEA frá 18. maí sl. segir:

“Our Roadmap shows the priority actions that are needed today to ensure the opportunity of net-zero emissions by 2050 – narrow but still achievable – is not lost. The scale and speed of the efforts demanded by this critical and formidable goal – our best chance of tackling climate change and limiting global warming to 1.5 °C – make this perhaps the greatest challenge humankind has ever faced,” said Fatih Birol, the IEA Executive Director. “The IEA’s pathway to this brighter future brings a historic surge in clean energy investment that creates millions of new jobs and lifts global economic growth. Moving the world onto that pathway requires strong and credible policy actions from governments, underpinned by much greater international cooperation.”

Building on the IEA’s unrivalled energy modelling tools and expertise, the Roadmap sets out more than 400 milestones to guide the global journey to net zero by 2050. These include, from today, no investment in new fossil fuel supply projects, and no further final investment decisions for new unabated coal plants. By 2035, there are no sales of new internal combustion engine passenger cars, and by 2040, the global electricity sector has already reached net-zero emissions. (Undirstrikanir er okkar).


Alþjóðaorkumálastofnunin var stofnuð á 8. áratug síðustu aldar til að tryggja lágt heimsmarkaðsverð á olíu. IEA hefur lengst af verið afar íhaldssöm og afturhaldssöm stofnun sem lengi vel sá enga möguleika á nauðsynlegum orkuskiptum til að hægja á og stöðva loftslagsbreytingar. Halda yrði áfram að vinna olíu, gas og kol.

Hin skýrsla IEA er til marks um frekari leit eftir olíu er gengur þvert gegn loftslagsstefnu Íslands, sem er að takmarka hlýnun andrúmsloftsins við 1,5 °C. Ísland er þjóðréttarlega skuldandið til að koma í veg fyrir hættulegar loftslagsbreytingar.

Samþykki Alþingi ekki þetta frumvarp; að fella á brott lög um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, nr. [13/2001](#) er loftslagsstefna Íslands ekki trúverðug. Á hinn bóginn, ef Alþingi samþykkir að fella brott lög um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetni myndi slík lagabreyting fela í sér afar mikilvæg skilaboð til Íslendinga og umheimsins. Eins og staðan er í dag eru lög nr. 13/2001 opin tékki fyrir olíuþnaðinn.

Náttúruverndarsamtök Íslands skora á Alþingi Íslendinga að samþykkja þetta frumvarp fyrir þinglok.

F.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands



Árni Finnsson